

## Ekki mikið um folaldadauða í kjölfar smitandi hósta

Folöld hafa reynst afar móttækileg fyrir sýkingu af völdum *Streptococcus zooepidemicus*, smitandi hósta, nú í sumar og haust og enn ber nokkuð á veikindum hjá þessum hópi. Í mörgum tilfellum virðast þau hafa góða vörn gegn sjúkdómnum fyrstu tvo mánuðina eftir fæðingu, sem líklega má rekja til mótefna sem þau fá með broddmjólkinni. Að þeim tíma liðnum standa þau berskjölduð gegn sýkingunni.

Alla jafna komast folöldin yfir sýkinguna af eigin rammleik en það getur tekið drjúgan tíma þar til þau verða alveg einkennalaus. Allmörgum hefur verið hjálpað með penicillíngjöf og á hún alltaf rétt á sér ef folöld eru komin með hita eða önnur alvarleg einkenni.

Í rannsóknaskyni hefur verið óskað eftir folöldum, sem grunur leikur á að hafi drepist úr veikinni, til krufninga á Tilraunastöðinni á Keldum. Alls hafa 17 folöld verið rannsökuð með þessum hætti. Í fjórum tilfellum mátti rekja dauða folaldanna til streptókokkasýkingar í lungum og þrjú önnur dauðsföll tengdust mögulega sýkingunni. Hin folöldin, tíu talsins, drápu af öðrum orsökum.

**Sjúkdómar sem rekja má til skorts á E-vítamíni og/eða seleni virðast algengir og geta valdið dauða.** Hvítvöðvaveiki er vel þekktur sjúkdómur í ungvíði hér á landi þar sem selenskortur er landlægur og má sjá merki hans í all mörgum folöldum sem krufin hafa verið. Auk þess ber nú á alvarlegri fituvefsbólgu („steatitis“) sem leiðir til fitudreps. Einkennin eru harðir fituköggjar sem finnast við þreifingu á makka, í nára og jafnvel fleiri stöðum undir húð. Folöldin geta verið með háan hita sem ekki lækkar við penicillín gjöf. Veikin veldur skaða á mörgum líffærum, m.a. koki og lungum og getur þá leitt til dauða. Svo virðist sem þessi sjúkdómur hafi verið ein algengasta orsök folaldadauða nú í sumar. Þess ber að geta að öll folöld sem vitað er til að hafi drepist úr fitudrepi voru á áhrifasvæði eldgossins í Eyjafjallajökli og hafa verið leiddar líkur að því að mikið járn í beitolandinu geti verið orsakabáttur. Ef einkenna veikinnar verður vart er ástæða til að meðhöndla öll folöldin í stóðinu með E-vítamíni og seleni. Afar mikilvægt er að koma selenríkum steinefnablöndum í hestagirðingar. Þar sem mikið er af járn í beitolandi og heyi, er mikilvægt að velja selengjafa sem ekki er járnríkur að auki.

**Ormasýkingar hafa einnig leitt til folaldadauða.** Brýnt er fyrir eigendum að gera viðhlýtandi varúðarráðstafanir þar að lútandi. Ormasýkingar þarf að fyrirbyggja með skipulagðri lyfjanotkun samhliða beitarskiptum. Meðhöndla þarf öll hross sem ganga saman.

**Aldrei hefur verið eins mikilvægt að tryggja hrossum góða fóðrun og aðbúnað.** Folöldin hafa það best með mæðrum sínum á útingangi enda er móðurmjólkinn þeim afar mikilvæg langt framtíðarvetri. Því þarf að tryggja folaldshryssum aðgang að góðu beitolandi og skjóli og koma þannig í veg fyrir að þær geldist of snemma. Rúmgott beitoland á einnig þátt í að halda smítalaginu niðri. Engin ástæða er til að taka folöld undan og hýsa. Það getur þvert á móti aukið hættuna á að veikin magnist upp að nýju. Aðgangur að góðu vatni er öllum hrossum nauðsynlegur og ekki má gleyma saltinu.

**Gott eftirlit er lykilatriði.** Fylgjast þarf sérstaklega vel með viðgangi folalda nú í haust. Helstu hættumerkin eru slappleiki (fylgja ekki vel, leika sér ekki), vanþrif og alvarleg einkenni frá

öndunarfærum, s.s. korr og öndunarerfiðleikar. Í þeim tilfellum er nauðsynlegt að mæla folöldin og meta þörf á meðhöndlun.

**Óvíst hvort folaldadauði hafi aukist.** Ekki liggja fyrir upplýsingar um tíðni folaldadauða hér á landi, hvorki fyrir tíma smitandi hósta né eftir að veikin kom upp. Því er erfitt að meta hvort hann sé meiri nú en áður. Þrátt fyrir að kallað hefði verið eftir folöldum til krufningar eigendum að kostnaðarlausu, bárust aðeins 17 folöld í rannsóknina. Bendir það til að folaldadauði hafi ekki verið mikill í sumar og haust. Krufningarnar hafa engu að síður gefið dýrmætar upplýsingar um þá streptókokkasýkingu sem herjað hefur á hrossastofninn sem og aðrar orsakir folaldadauða. Niðurstaðan er sú að ekki sé mikil hættá á að folöld drepist af völdum fylgikvilla smitandi hósta.

20.10.2010

Sigríður Björnsdóttir, Ólöf Sigurðardóttir

Vilhjálmur Svansson, Eggert Gunnarsson